

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur þriðjudaginn 4. september 2007 í máli nr. S-532/2007:

Ákærvaldið

(Kolbrún Sævarsdóttir saksóknari)

gegn

X

(Lúðvík Emil Kaaber hdl.)

Ár 2007, þriðjudaginn 4. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af héraðsdómurunum Jónasi Jóhannssyni og Páli Þorsteinssyni og dr. Gunnari Hrafni Birgissyni sálfræðingi, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-532/2007: Ákærvaldið gegn X, sem dómtekið var 27. ágúst að loknum munnlegum málflutningi.

Ríkissaksóknari höfðaði málið með ákæru útgefinni 3. apríl 2007 á hendur ákærða, X, fæddum 1974, [...], Reykjavík, til refsingar fyrir kynferðisbrot samkvæmt 194. og 196. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. og 4. gr. laga nr. 40/1992, með því að hafa, að kvöldi laugardagsins 6. maí 2006, í svefnherbegi sínu að [...], þröngvað A, fæddri 1976, til samræðis, með því að beita hana ofbeldi og notfæra sér andlega annmarka hennar.

A krefst þess að ákærði verði jafnframt dæmdur til greiðslu 1.200.000 króna miskabóta með vöxtum samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 6. maí til 1. október 2006, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði krefst sýknu af refsikröfu ákærvaldsins og frávísunar á nefndri bótakröfu, en ellegar verði refsing felld niður eða hann dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa. Samhliða er krafist sýknu af bótaköfunni, en að því frágengnu verði bætur lækkaðar verulega.

I.

Ákærði býr við meðfædda greindarskerðingu og hefur frá unga aldri glímt við alvarlegan misþroska með skertri hreyfigetu, auk offitu og stoðkerfisvandamála. Hann býr í foreldrahúsum og er 75% varanlegur öryrki, en stundar léttu vinnu og hefur ökurétt. Samkvæmt álitsskýrslu Áskels Arnar Kárasonar sálfræðings 14. febrúar

2007, sem hann staðfesti fyrir dómi, er ákærði á mörkum jaðargreindar og vangefni, með greindarvísitölu á bilinu 60-68 stig og hefur í senn lítið innsæi í viðbrögð, hugsanir og tilfinningar sínar og annarra, sem og takmarkaða þekkingu og skilning á viðhorfum samfélagsins til viðurkenndra marka í samskiptum kynjanna, en á því sviði megi ætla að ákærði sé fremur sjálfmiðaður og hafi takmarkaða hæfni til að lesa í, túlka og taka tillit til óska hins aðilans. Þó hafi hann grundvallarskilning á muninum á réttu og röngu og því hæfni til að öðlast sektarkennd. Fram kemur í álitargerðinni að ákærði eigi nú 18 ára gamla kærustu, sem sé þroskahömluð. Hann vilji ávallt eiga kærustu og segist bara spyrja viðkomandi hvort hún vilji vera með honum á föstu.

A býr einnig við meðfædda þroskakerðingu. Hún gekk í Öskjuhlíðarskóla, fór þaðan í starfsþjálfun á [...] og hefur síðan unnið þar létt störf. Hún býr hjá móður sinni í Reykjavík, en dvelur eina viku í mánuði á vistheimili fyrir fatlaða að [...]. Samkvæmt álitargerðum Jóhanns Thoroddsen sálfræðings 24. október 1997 og 12. júní 2007, sem hann staðfesti fyrir dómi, er A vel undir vangefnismörkum, með greindarvísitölu á bilinu 50-56 stig. Hún er fámál og hefur takmarkaðan orðaforða og hugtakaskilning, en geti þó látið tilfinningar sínar í ljós á einfaldan og skýran hátt. Þá hafi hún einfalda en sterka siðferðiskennd og skynji muninn á réttu og röngu út frá þeim gildum sem hún hefur alist upp við. Fram kemur í álitargerðunum að A sé sæmilega sjálfbjarga í athöfnum daglegs lífs, en þurfi engu síður á ákveðinni aðstoð að halda alla ævi.

Ákærði og A voru málkunnug þegar mál þetta reis, höfðu meðal annars hist í tómstundastarfi í Hinu Húsinu og leikið saman Bocchia.

II.

Laugardaginn 6. maí 2006 fór ákærði á ball í Árseli, sem haldið var á vegum Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra. Þar hitti hann A, B og C, en þeir eru einnig þroskahamlaðir. Áhöld eru um hvað ákærða og A fór á milli á dansleiknum, en þegar honum lauk, um kl. 22 eftir því sem næst verður komist, þáði hún far í bifreið ákærða í stað þess að snúa til baka á ofangreint vistheimili í fylgd tilsjónarmanns, svo sem henni bar að gera. Ákærði ók einhverju fólki til síns heima; síðast B að [...] í Kópavogi, þangað sem B kom kl. 22:30 að eigin sögn. Í framhaldi héldu ákærði og A heim til ákærða, heilsuðu upp á D móður hans og systurina E og fóru síðan inn í svefnherbergi ákærða á 2. hæð hússins. Þar höfðu þau samræði í rúmi ákærða. Að því loknu afhenti ákærði A bréfmiða með símanúmeri sínu, svo að hún gæti hringt í hann daginn eftir og ók henni því næst á vistheimilið, þar sem hún dvaldi. Skildu þar leiðir; ákærði hélt í partí til fundar við C vin sinn, en A fór inn, brast í grát fyrir framan Krístrúnu Huld Gunnarsdóttur stuðningsfulltrúa, tjáði henni að sér væri illt í klofinu og sagði að sér hefði verið nauðgað. Í kjölfar þessa var hringt í F móður A og kvaddi hún lögreglu á staðinn kl. 23:54. Eftir viðræður við Krístrúnu Huld og A var sú síðarnefnda færð á Neyðarmóttöku LSH, þangað sem komið var kl. 01.

Í málinu liggja fyrir frumskýrslur lögreglumannanna Mörthu Sandholt Haralds dóttur og Eiríks Benedikts Ragnarssonar. Í skýrslunum, sem lögreglumennirnir staðfestu fyrir dómi, er haft eftir A að ákærði hafi farið með hana heim til sín og nauðgað henni. Hún kvaðst ekki vita nákvæmlega hvar ákærði ætti heima, en tilgreindi Breiðholtshverfi og afhenti lögreglu fyrrgreindan bréfmiða. Í framhaldi var

farið heim til ákærða kl. 01:26. Þar ræddu nefndir lögreglumenn við D og E. Er haft eftir E í báðum skýrslum að ákærði hafi komið heim um kl. 23 í fylgd vinkonu sinnar, þau farið upp í herbergi hans, dvalið þar í um 2 mínútur, en því næst komið niður og horfið á dyr. Móðir ákærða hafi tekið í sama streng, en þó talið ákærða og konuna aðeins hafa staldrað við í herbergi hans í um það bil mínútu. Í frumskýrslu Eiríks Benedikts er þess og getið að mæðgurnar hafi ekki séð þess merki að A væri í uppnámi. Þá segir í skýrslunum að hringt hafi verið í ákærða og hann beðinn að koma heim, sem hann og gerði kl. 01:40. Með honum í för var fyrrnefndur C. Er haft eftir ákærða að hann hafi hitt A á umræddu balli, beðið hana að byrja með honum á föstu, hún fallist á það, þau farið heim til hans og haft stuttar samfarir með vilja og samþykki beggja. Samkvæmt sömu skýrslum kom fram í máli C að hann hefði heyrt ákærða biðja A um að byrja á föstu og hún viljað það. Ákærði hefði síðan ætlað að skutla henni að [...], en A grátbeðið um að fá að fara með honum heim.

Ákærði var handtekinn og færður á lögreglustöð kl. 02:20, þar sem Samúel Jón Samúelsson héraðslæknir framkvæmdi á honum réttarlæknisfræðilega rannsókn. Segir í vottorði læknisins, sem hann staðfesti fyrir dómi, að ákærði sé þroskaheftur, stór og mikill, eins og hæð (183 cm.) og þyngd (143 kg.) gefi til kynna. Hann hafi verið einkar samvinnuþýður og einlægur í svörum, en fremur dapur í bragði. Ákærði hafi greint frá atburðum á sama veg og áður greinir og sagst ekki hafa gert neitt rangt. Engir áverkar hafi fundist á líkama hans. Samúel Jón bar fyrir dómi að sér hafi fundist frásögn ákærða trúverðug.

Eiríkur Benedikt annaðist vettvangsrannsókn í svefnherbergi ákærða sömu nótt og naut aðstoðar tæknideildar lögreglu. Hann bar fyrir dómi að ekki hefðu fundist merki um átök í herberginu. Leitað hefði verið sönnunargagna, meðal annars í ruslafötu og tiltók lögreglumaðurinn að engir smokkar hefðu fundist við þá leit.

III.

Víkur þá sögunni að A, sem gekkst undir réttarlæknisfræðilega skoðun á Neyðarmóttökunni. Í skýrslu Kristínar Andersen vakthafandi læknis, sem hún staðfesti fyrir dómi, segir að A sé þroskaheft og hafi því gefið takmarkaðar upplýsingar, en verið samvinnuþýð og ljúf. Þannig hafi hún gefið ákveðna og trúverðuga lýsingu á því að hafa hitt ákærða á balli og hann beðið hana að koma með sér heim. Þar hafi ákærði klætt hana úr buxum og nærbuxum gegn vilja hennar, hann haldið um handleggi hennar og hrist hana, hún lagst á rúmið og hann haft samfarir við hana í leggöng og endaparm, eða farið með „typpið inn í leggöngin og sneri henni við og fór í rassinn“, svo notuð séu orð A. Aðspurð hafi hún sagt ákærða hafa notað smokk. A hafi kvartað undan eymslum í upphandleggjum, neðanverðu baki og kvið. Engir áverkar hafi fundist á líkama hennar, en á kynfærum hafi sést roði við leggangaop og lítið mar við endaparmsop. Kristín bar fyrir dómi að umræddir áverkar segðu ekkert til um það hvort ofbeldis hefði verið neytt við greindar samfarir og kvað þá allt eins hafa getað komið við eðlilegar samfarir. Nánar aðspurð um að hvaða marki lýsing A hafi þótt „trúverðug“ tiltók Kristín að með því orðalagi ætti hún aðeins við að líklegt sé að einhver hafi haft samfarir við konuna. Kristín var spurð af hverju hún hefði ekki skráð neinar upplýsingar um tilfinningalegt ástand A við skoðun, s.s. lost, ójafnvægi og grátköst, eða kreppuviðbrögð, s.s. skjálfta og hroll, í þar til gerða reiti á stöðluðu skýrsluformi Neyðarmóttökunnar. Hún kvað viðkomandi valkosti

ekki hafa átt við og að ólíklegt væri að konan hafi borið nokkur þeirra einkenna, sem þar séu nefnd. Kristín tók sýni frá kynfærum A til sæðisleitar. Samkvæmt skýrslu tæknideildar lögreglu 19. júní 2006 greindust sáðfrumur á ytri kynfærum og fjöldi sáðfruma fannst í leggöngum og við legháls.

Eyrún Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur á Neyðarmóttökunni bar fyrir dómi að hún hefði rætt við A sömu nótt. Konan hafi verið grátbólgin og skolfið og þannig borið greinileg streitueinkenni. A hafi lýst atburðum og taldi Eyrún greinilegt að hún hefði verið þvinguð til samræðis í leggöng og endaparm, auk þess sem ákærði hefði meitt hana og valdið hjá henni bakverk.

IV.

Við yfirheyrslu 7. maí 2006 greindi ákærði frá því að hann hefði hitt A á ballinu í Árseli, heyrt hana spyrja C vin hans hvort C vildi vera með henni og ákærði þá spurt hvort hún vildi ekki vera með honum. Þau hefðu síðan rætt um að hittast heima hjá ákærða og hann boðið henni far ásamt B og tveimur öðrum, sem hann hefði skutlað til síns heima, í Reykjavík, Hafnarfirði og loks B í Kópavogi. Í kjölfar þessa hefði ákærði spurt A hvort hún vildi fara heim með honum og hún samþykkt það. Þangað hefðu þau komið laust eftir kl. 22:40, ákærði sagt móður sinni og systur að hann væri með stelpu með sér, þau farið upp í herbergi hans og ákærði lokað dyrunum. Í framhaldi hefðu þau farið að kyssast í rúmi ákærða, A játt því aðspurð að allt væri í lagi með það og einnig að hún vildi ganga lengra og eiga við hann samfarir. Ákærði hefði því reynt að hneppa buxum hennar frá, en ekki getað það, hún þá klætt sig úr buxunum og þau hjálpast að við að færa hana úr nærbuxum. Í kjölfarið hefðu þau haft stuttar samfarir, enda hefði hún verið tímabundin og þurft að drífa sig heim. Ákærði taldi að samfarirnar hefðu staðið í 7 mínútur og hélt að honum hefði orðið sáðfall, en á meðan hefði hann legið ofan á A og hún kallað hann „elskan“. Hann kvaðst aldrei myndu hafa farið lengra en hún leyfði og hefði hætt öllu ef hún hefði sagt „nei“. Að samförum loknum hefði hún klætt sig, ákærði afhent henni miða með símanúmeri sínu, spurt hvort hún vildi hitta hann daginn eftir og hún játt því. Við svo búið hefðu þau farið ofan, ákærði kastað kveðju á heimilisfólk og því næst skutlað A á vistheimilið að [...] um kl. 23:16. Þar hefði hún kvatt hann með kossi á vangann og þau ákveðið að hittast daginn eftir.

V.

A gaf skýrslu fyrir dómi 22. maí 2006, sem tekin var af rannsóknarlögreglumanni undir stjórn héraðsdómara og færð á hljóð- og mynddisk. Verður nú greint frá því helsta sem fram kom, en rétt er að nefna að konan átti greinilega erfitt með að tjá sig, sagði ekkert í sjálfstæðri frásögn og svaraði flestum spurningum í fáeinum orðum. Þegar nauðsyn ber til að rekja svör hennar orðrétt til skýringar á atburðum eru slíkar tilvitnanir innan gæsalappa og í samræmi við myndupptökuna, sem dómendur styðjast við. Texti innan sviga er frá dómendum kominn. Hann vísar til þess er sést á upptökunni og er eftir atvikum notaður til skýringar á vætti konunnar.

A byrjaði á því að svara spurningum um nafn, heimilsfang, atvinnu og annað í þeim dúr. Hún gat ekki sagt til um fæðingardag sinn og skjöplaðist á einföldum spurningum til könnunar á því hvort og hvernig hún greindi muninn á réttu og röngu. Í framhaldi var hún minnt á að hún væri stödd fyrir dómi og að brýnt væri

að hún segði satt og rétt frá. Aðspurð um samband sitt við ákærða kvaðst hún þekkja hann lítillaga, hafa spilað við hann Bocchia og hún hitt hann á balli í Árseli ásamt C og B. Ákærði og C hefðu logið til um partí heima hjá ákærða og hún samþykkt að fara ein með honum þangað, en áður hefði ákærði skutlað annarri konu heim, ekið B í [...] og því næst farið með hana heim til sín í Breiðholt. Þar hefði ekki verið neitt partí. Aðspurð hvað gerst hefði í framhaldi bar hún að ákærði hefði klætt hana úr buxum og nærbuxum í rúminu í svefnherbergi sínu og kvað það hafa verið gegn vilja hennar, þótt ekki hefði hún sagt honum frá því. Aðspurð hvað gerst hefði í kjölfarið svaraði A: „Gerði mér þetta“ (bendir um leið með fingri í klof sér), útskýrði svo að „þetta“ væri að „ríða“ og játti því að ákærði hefði afklæðst, sett á sig smokk, lagst ofan á „malla“ hennar í rúminu og felld til hennar sæði (bendir með fingri í klof sér). Áður hefði hann stillt músíkina í botn, en systir hans hefði verið heima með lítið barn. Aðspurð hvort hún hefði viljað láta ríða sér svaraði A strax neitandi, en svaraði einnig að hún hefði ekki sagt ákærða frá því. Henni hefði samt liðið illa eftir á og benti á maga sinn því til stuðnings. Þá tiltók hún verk í baki, gat þess að ákærði væri svo þungur og benti einnig á klof sitt. Aðspurð hvort ákærði hefði haldið henni í rúminu, svaraði A: „Svona“ (réttir um leið fram báðar hendur með kreppta hnefa), játti því að ákærði hefði haldið um báða handleggi hennar og sagði að hann væri sterkur. Að sögn A hefði ákærði skutlað henni að [...] að samræði loknu og sagt: „Ekki klega í mömmu“. Hún hefði síðan brostið í grát á vistheimilinu og hringt í móður sína, sem tilkynnt hefði málið til lögreglu. Aðspurð kvaðst A hvorki fyrir né síðar hafa átt kynferðislegt samneyti við ákærða, en játti því að hafa „gert svona“ áður. A gat þess að hún ætti kærasta sem hétu „G“. Hún hefði ekki viljað taka upp samband við ákærða, en hann hefði viljað eiga hana sem kærustu og haft orð á því. Hann hefði viljað hitta hana aftur og fara í Hitt Húsið og í bíó, en hún ekki viljað það, þótt ekki segði hún ákærða frá því. Þegar líða tók á skýrslugjöfina var A spurð að nýju hvort hún hefði samþykkt að ákærði færði hana úr fötum og bar þá að hún hefði sagt „nei“ við því. Þá kom fram að ákærði hefði spurt hana á ballinu hvort hún vildi vera kærasta hans, en hún hefði neitað því. Jafnframt hefði verið rætt um að fara í partí til „H“. Loks bar A að hún hefði ekki viljað setjast inn í bifreið ákærða að ballinu loknu og játti því, aðspurð, að ákærði hefði ekki aðeins togað hana í burtu frá þjónustubifreið fatlaðra, sem átti að flytja hana á [...], heldur einnig dregið hana nauðuga inn í bifreið sína.

VI.

Ákærði hélt fast við fyrri framburð við yfirheyrslur 1. september og 28. nóvember 2006. Hann sagði vel geta verið að hann hefði spilað músík meðan á samförum hans og A stóð, en þrætti fyrir að hafa stillt græjurnar í botn og sagði rangt að hann hefði beðið hana um að segja móður sinni ekki frá. Hann kvað engan vafa í huga sér að A hefði verið fús til samfara, en þau hefðu bæði verið búin að afklæðast í rúminu þegar hann hefði spurt hvort allt væri í lagi. Aðspurður um fötlun A sagði ákærði: „Ég held að hún sé þroskaheft eins og ég.“ Hann hafnaði bótakröfu hennar í málinu, þá er krafan var honum kynnt 1. september.

VII.

B gaf skýrslu vitnis 3. október 2006. Hann kvaðst hafa verið á umræðu balli í Ártúni og séð ákærða og A á dansgólfinu. Þar hefði hann fylgst grannt með þeim, enda viljað tryggja að ákærði væri góður við konuna, en að sögn B væri hann fyrrverandi unnusti A og léti sér annt um velferð hennar. Að loknum dansleik hefði

ákærði skutlað B heim kl. 22:30, en í framhaldi hefðu ákærði og A sagst ætla í bíltúr. Fram kom í máli B að hann hefði vart verið kominn heim þegar hringt hefði verið frá vistheimilinu við [...] og viðkomandi sagst vera að leita að A.

Ekki voru teknar fleiri vitnaskýrslur, en fyrir liggur upplýsingaskýrsla um símtal við C 15. október 2006, þar sem meðal annars kemur fram að C hafi séð ákærða og A kyssast á títtnefndu balli.

VIII.

Fyrir dómi neitaði ákærði sök alfarið. Hann kvaðst hafa þekkt A í um tvö ár fyrir hina kærðu atburði og hafa hitt hana í ein átta skipti á þeim tíma. Ákærði kvaðst hafa vitað að hún væri þroskaheft, eins og hann sjálfur, tók fram að hann hefði áður verið með fötluðum stúlkum og hefði fundist A „í lagi“, þ.e. góð stelpa og óvitlaus. Hann hefði því ekki þælt sérstaklega í fötlun hennar. Ákærði tók fram að þegar hann byrjaði á föstu hefði hann yfirleitt samfarir við viðkomandi stúlkur á fyrsta stefnumóti. Hann skýrði annars frá því að hann hefði hitt A á umræddu balli í Árseli og heyrt hana biðja C og fleiri vini hans að fara með henni heim eða í partí. Að sögn ákærða hefði hann minnt C á að hann ætti kærustu fyrir, sagst sjálfur vera á lausu og spurt A hvort hún vildi byrja með honum á föstu. Í framhaldi hefðu þau spjallað saman og þjónustubifreið fatlaðra yfirgefið staðinn, um kl. 22, án þess að A færi með. Hún hefði í kjölfarið sest sjálfviljug inn í bifreið ákærða, hann boðið henni heim til sín og sagst síðan myndu skutla henni á vistheimilið. Þegar þau voru orðin ein í bifreiðinni hefði hann spurt hvort hún vildi eiga við hann samfarir, hún ekki verið því mótfallin og sagst vilja fara heim með honum. Er þangað kom, um kl. 23, hefði ákærði kynnt hana sem nýja kærustu fyrir móður sinni og systur og sagt að þau ætluðu að skreppa upp í svefnherbergi. Þar hefðu þau farið að kyssast í rúmi hans, ákærði spurt hvort hún vildi hafa samfarir og hún svarað „já, ókei“, oftar en einu sinni. Í kjölfar þessa hefði hann reynt að klæða hana úr ytri buxum, en ekki tekist að hneppa þeim frá. A hefði því afklæðst að neðan og hann klætt sig úr öllum fötum. Í framhaldi hefðu þau haft „ósköp venjuleg kynmök“, sem ákærði lýsti þannig að hann hefði lagst ofan á kvið konunnar og 5-7 mínútum síðar fellt til hennar sæði. Aðspurður staðhæfði ákærði að hann hefði ekki notað smokk við samfarirnar. Að þeim loknum hefðu þau klætt sig og ákærði skutlað A á vistheimilið, en hún hefði verið orðin of sein og þurft að drífa sig þangað. Þar hefði hún kvatt hann með kossi og þau ákveðið að hittast aftur daginn eftir. Sem fyrr kvað ákærði rangt að hann hefði stillt tónlist í botn í herberginu, sem og að hann hefði beðið A að klaga ekki í móður sína. Þá þrætti hann fyrir að hafa haldið höndum hennar eða þvingað hana til samfara á annan hátt. Ákærði tiltók í því sambandi að þegar hann hefði ekki getað losað um ytri buxur konunnar hefði hann sagt að ef hún vildi eiga samfarir við hann yrði hún að klæða sig sjálf úr buxunum. Ákærði tók að síðustu fram að hann hefði oft hitt A í kjölfar hinna kærðu atburða og hafi hún þá iðulega komið til hans, þau ræðst við og allt verið í lagi.

IX.

C bar fyrir dómi að hann þekkti A vel og hefði svo verið um margra ára skeið. C kvað augljóst að hún væri þroskaheft, eins og hann sjálfur, gat þess að ákærði væri „eiginlega ekki þroskaheftur“, en gat ekki útskýrt þau orð betur. Hann kvaðst hafa hitt A á umræddu balli og dansað við hana, eða réttara sagt þá hefði hún dansað við hann. C bar að hann hefði nokkrum sinnum „byrjað með“ A og kvað hana oft skipta

um kærasta. Á ballinu hefði hann séð ákærða og A kyssast og heyrt ákærða biðja hana um að byrja með sér. Jafnframt hefði ákærði boðið henni heim, hún svarað því játandi og sagst vilja fylgja honum þangað og ekki vilja fara beint á vistheimilið. Að sögn C hefðu leiðir hans og þeirra skilið að loknu balli, um kl. 22, en C hitt ákærða í partíi síðar um kvöldið og hefði ákærði þá sagst hafa „fengið það hjá A“ og síðan skutlað henni heim.

B bar fyrir dómi að hann hefði verið trúlofaður A í eitt ár, þau lifað kynlífi saman, en hann slitið sambandinu fyrir um það bil tveimur árum, enda verið orðinn leiður á A og móður hennar. Hann kvaðst hafa hitt A á umræddu balli, séð hana og ákærða dansa, hafa heyrt hana segjast ætla heim með ákærða eftir ballið og hún haft á orði, í viðurvist ákærða, að þau ætluðu að byrja saman, eða að minnsta kosti reyna að vera saman. Að ballinu loknu, um kl. 22, hefði ákærði síðan skutlað B og öðrum til síns heima og hefði hann vart verið kominn heim þegar hringt hefði verið í hann frá vistheimilinu og spurt um A. B bar að í fyrstu hefði hann ekki þorað að segja hvar hún væri, af ótta við skammir, en á endanum hefði hann látið uppi að hún væri með ákærða og á leið að vistheimilinu. Aðspurður bar B að A gæti alveg sagt „nei“ við fólk ef hún yrði reið. Hann kvað hana einnig geta komið vel fyrir sig orði undir venjulegum kringumstæðum og gagnvart fólki sem hún þekkti.

D og E báru með líkum hætti fyrir dómi um að þær hefðu setið heima í stofu ásamt syni E þegar ákærði hefði komið heim og kynnt A sem kærustu sína. Þau hefðu síðan farið upp í svefnherbergi ákærða og snúið til baka allt að 5 mínútum síðar. A hefði þá forvitnast um nafn barnsins og í kjölfarið horfið á dyr í fylgd ákærða. Hvorug mæðgnanna kvaðst hafa heyrt tónlist úr herbergi ákærða á meðan parið var þar inni. Fram kom í máli D að A hefði kynnt sig með nafni og hún talað edlilega. D hefði því ekki tekið sérstaklega eftir því að konan væri þroskahömluð. E tók í svipaðan streng, sagði A þó hafa verið afar feimna og „voða spes“ og hún horft niður þegar hún talaði. Ákærði hefði þó einatt verið með þroskahömluðum stúlkum og því hefði E gefið sér að svo væri í tilvikum A.

Kristrún Huld Gunnarsdóttir stuðningsfulltrúi á vistheimilinu að [...] bar fyrir dómi að A hefði umrætt kvöld átt að fara beint á vistheimilið að loknu balli í fylgd tilsjónarmanns. Þegar hún hefði ekki skilað sér heim hefði Kristrún Huld hringt í fjölda vistaðra símanúmera í farsíma A, en bar jafnframt að ekki hefði verið óttast um konuna. Þegar A hefði síðan komið heim hefði hún farið að gráta og skjálfa og aðspurð greint frá því að sér væri illt í maganum og að sér hefði verið „nauðgað“. Kristrún Huld bar að A væri samviskusöm og vön að skila sér á vistheimilið á réttum tíma. Hún kvaðst hvorki hafa skammað hana fyrir að hafa verið of seint á ferð né verið höstug í viðræðum við konuna.

F bar fyrir dómi að A hefði aðeins átt einn kærasta um ævina, B og hefðu þau verið hringtrúlofuð. Hún ætti þó góðan vin núna, „G“, sem hún kallaði kærasta sinn. F greindi annars frá því að hringt hefði verið í hana frá vistheimilinu greint kvöld, milli kl. 23 og miðnættis, eftir að gerð hefði verið „dauðaleit“ að A, og henni skýrt frá því að stúlkan hefði orðið fyrir líkamsárás og nauðgun. Í framhaldi hefði hún fengið að ræða við dóttur sína í síma, A tjáð henni að sér hefði verið „nauðgað“ og að hún vildi fá lögreglu strax á staðinn og fara á sjúkrahús til skoðunar. Aðspurð kvað F strangar reglur gilda um útivistartíma þeirra sem dvelja á vistheimilinu og tók fram að dóttir sín hefði verið alfarið á ábyrgð starfsfólks þess umrætt kvöld. Hún kvað A hafa plumað sig illa eftir nefnda atburði, hún væri hætt íþróttaiðkun,

sem hún hefði áður stundað af kappi, ætti erfitt með svefn og fengi stundum grát köst, sem allt mætti rekja til nefndra atburða.

X.

Þórhildur Garðarsdóttir yfirproskapjálfi að [...] bar fyrir dómi að A hefði unnið á [...] í rúman áratug. Hún væri skemmtileg og falleg kona, lífsglöð og félagslynd og í hærri kantinum í þroska, miðað við aðra skjólstæðinga Þórhildar. Hún kvaðst hafa rætt hina kærðu atburði við A, daglega fyrstu vikurnar á eftir og bar að konan hefði verið afar döpur lengi vel og upplifað atburðina sem árás og nauðgun. Þannig hefði ákærði rífið hana úr fötum, ýtt henni niður og valdið henni slæmum bakmeiðslum, sem hún hefði enn ekki jafnað sig á. Þórhildi var kynnt að á myndupptöku af vitnisburði A væri hún fámál, sein til svars og segði ekkert í sjálfstæðri frásögn og sagði hún þetta lýsa konunni vel í samskiptum og samtölum við ókunnuga.

Ingvar Ingvarsson heimilislæknir og trúnaðarlæknir [...] staðfesti fyrir dómi vottorð sitt frá 11. janúar 2007, þar sem fram kemur að A hafi orðið fyrir líkamsárás 6. maí 2006 og hún leitað til læknisins í nóvember sama ár vegna þráláttra bakverkja í kjölfar þess atburðar. Ingvar bar að myndrænar rannsóknir hefðu ekki staðfest tiltekna áverka og byggði hann því álit sitt um orsakasamband og ætlaðar afleiðingar eingöngu á lýsingu konunnar og sjúkrasögu, en ekki væri vitað til þess að A hefði kennt sér meins í baki fyrir atburðinn. Aðspurður kvað Ingvar ósennilegt að umrædd stoðkerfiseinkenni gætu stafað af venjulegum samförum og tiltök að orsökkin gæti verið högg á bakið eða að A hafi verið haldið eða snúið í tengslum við kynferðislegt ofbeldi.

Jóhann Thoroddsen sálfræðingur bar fyrir dómi að venjulegum leikmanni geti ekki dulist að A sé alvarlega greindarskert. Hann kvað hafa komið skýrt fram í nýlegum viðtölum við konuna að henni fyndist hún hafa verið beitt misrétti og að eitthvað hefði gerst í svefnherbergi ákærða, sem hún ekki vildi. Jóhann tók fram að erfitt hefði reynt að fá heildstæða og rökrétta lýsingu A á atburðarás, en honum hefði skilist að ákærði hefði reynt við hana og hún streist á móti, en ekki ráðið við hann. Jóhann kvaðst ekki minnst þess að hún hefði notað orðið „nauðgun“ og dró í efa að hún skildi inntak og merkingu þess hugtaks. Hitt væri ljóst að hún hefði orðið fyrir einhverju áfalli, sem tengdist samskiptum við ákærða. Jóhann bar að auðvelt væri að tæla konu eins og A, enda hefði hún tilhneigingu til að vilja þóknast öðrum og nefndi að hún og aðrir, sem líkt væri á komið, ættu erfitt með að greina á milli þess hvað væri vinur og hvað kærasti eða unnusti. Þannig gæti vel verið að ákærði hafi átt erfitt með að átta sig á því hvað hann mætti gera með henni og hvað ekki. Jóhann áréttaði að A þekkti muninn á réttu og röngu, en gæti átt til að láta undan öðrum í þeirri trú að hún væri að breyta rétt, en síðar áttað sig á því að hún hafi gert eitthvað rangt. Hann taldi konuna engu síður hafa ágæta getu til að segja „nei“, ef spurningar væru settar fram á einfaldan hátt og bar að ef henni fyndist sér vera ógnað ætti A auðvelt með að segja „nei“.

Áskell Örn Kárason sálfræðingur bar fyrir dómi að af samtölum sínum við ákærða og sálfræðiprófum væri óvarlegt að fullyrða um getu ákærða til að meta réttilega mörkin milli eðlilegra kynlífsathafna og misnotkunar í samskiptum kynjanna, þar á meðal að lesa í merkingu óbeinna skilaboða. Þannig taldi Áskell Örn að ákærði hefði strax á ballinu í Árseli byrjað að líta á A sem kærustu sína og verið nokkuð viss um að hún vildi sofa hjá honum, hann í kjölfarið gengið út frá því einu og

hvorki gert sér grein fyrir andlegum takmörkunum konunnar og mikilli greindarskerðingu né heldur hvað hún vildi sjálf. Áskell Örn bar að fram hefði komið í viðtölum við ákærða að hann vissi nú ekki lengur hvort hann hefði gert rétt eða rangt, en umrætt kvöld hefði hann á hinn bóginn ekki verið í nokkrum vafa um að allt væri í lagi. Þótt ákærði væri að vissu marki hæfur til að beita aðra minni máttar klókindum og þrýstingi taldi sálfræðingurinn að líklegast væri að ákærði hefði á verknaðarstundu ekki áttað sig á því að hann væri að brjóta gegn A og að sektarkennd vegna sömu atburða sé því síðar til komin.

Tómas Zoëga geðlæknir var dómkvaddur til að framkvæma geðrannsókn á ákærða og naut til þess aðstoðar dr. Eiríks Jóns Líndal sálfræðings. Í matsgerð Tómasar 4. júní 2007, sem hann staðfesti fyrir dómi, kemur fram að ákærði sé augljóslega greindarskertur, en hafi náð að aðlagast daglegu lífi merkilega vel. Hann hafi verið afar einlægur og trúverðugur í lýsingu atburða og mikill samhljómur sé í frásögn hans frá öndverðu. Fram hafi komið að ákærði hafi vitað að A væri þroskaheft og ljóst væri að hann teldi þau vera andlega jafningja að því leyti. Þótt gögn málsins beri með sér að greindarskerðing hennar sé meiri en hans væri engu síður mögulegt að ákærði hafi misskilið orð hennar og skilaboð umrætt kvöld og sé því ekki hægt að líta svo á að ákærði hafi notfært sér andlega annmarka hennar. Þrátt fyrir téða greindarskerðingu telur Tómas að ákærði sé sakhæfur í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en á hinn bóginn leiki verulegur vafi á því hvort refsing geti borið tilætlaðan árangur, sbr. 16. gr. sömu laga, komi til sakfellingar á annað borð. Nánar aðspurður fyrir dómi bar Tómas að ákærða eigi að vera ljóst hvað felist í hugtakinu nauðgun, en vafi leiki á hæfni hans til að meta hvað felist í misnotkun. Þó sé ljóst að ákærði hafi sjálfur ekki staðið í þeirri meiningu að hann væri að misnota A og að svo virtist sem hún hafi ekki sent honum skýr skilaboð eða sagt afdráttarlaust „nei“.

Eiríkur Jón Líndal staðfesti fyrir dómi álitserð sína frá 1. júní 2007 og bar að þær niðurstöður samrýmdust í öllum meginatriðum áliti Áskels Arnar Kárasonar. Fram kom í máli Eiríks Jóns að ákærði byggji við mikla greindarskerðingu, en kæmi vel fyrir, virtist betur á vegi staddur en raun ber vitni og hefði fremur reynt að koma fyrir sjónir sem heilbrigður einstaklingur í stað þess að gefa verri mynd af andlegri stöðu sinni.

XI.

Samkvæmt 1. mgr. 135. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skulu röksemdir dómara lúta að því hvað teljist sannað og með hverjum hætti. Um sönnun fer annars eftir reglum 45.-48. gr. laganna. Í því sambandi ber að meta skynsamlegan vafa til hagsbóta fyrir ákærða, bæði um atriði er varða sekt hans og önnur, sem telja má honum í óhag. Sönnunarbyrði hvílir á ákæruvaldinu, sbr. 45. gr., en sönnunarmat dómara er frjálst, þó þannig að dómur skal fyrst og fremst reistur á sönnunargögnum, sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 48. gr.

Í máli þessu veltur niðurstaða á því hvort ákæruvaldinu hafi tekist að sanna, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að ákærði hafi að kvöldi laugardagsins 6. maí 2006, í svefnherbegi á heimili sínu, „þröngvað [...A] til samræðis, með því að beita hana ofbeldi og notfæra sér andlega annmarka hennar“. Er háttsemin annars vegar færð undir nauðgunarákvæði 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2.

gr. laga nr. 40/1992 og hins vegar misneytingarákvæði 196. gr. hegningarlagna, sbr. 4. gr. laga nr. 40/1992. Eftir útgáfu ákæru tóku gildi lög nr. 61/2007, sem breyttu téðum ákvæðum á þann veg að þeim er skipað saman í 1. og 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga og telst nú hvor háttsemi um sig til nauðgunar í skilningi laganna. Fer um dóm vegna ætlaðra brota eftir 1. mgr. 2. gr. sömu laga.

Í ákæru er því ekki lýst í hverju ætlað ofbeldi fólst, en af málflutningi ákæru valdsins er ljóst að á því er byggt að ákærði hafi neytt aflsmunar, hann haldið höndum A og þröngvað getnaðarlim sínum inn í leggöng hennar. Þá njóti ákærði yfirburðastöðu með tilliti til greindarskerðingar og hafi misnotað sér mun meiri fötlun konunnar til að hafa við hana samræði.

XII.

Við úrlausn sakarefnisins er óhjákvæmilegt að líta til aðdraganda þess að ákærði og A áttu kynferðislegt samneyti umrætt kvöld, svo sem óumdeilt er í málinu. Ákærði hefur verið stöðugur í þeim framburði sínum að hann hafi hitt A á ballinu í Árseli, spurt hana hvort hún vildi byrja með honum á föstu, hún þegið far í bifreið hans að balli loknu og samþykkt að fara með honum heim. Þar hafi hann kynnt hana sem nýja kærustu fyrir móður sinni og systur og því næst farið með henni upp í svefnherbergi sitt. Framburður ákærða fyrir dómi um greindan aðdraganda fær veigamikinn stuðning í vitnisburði C og B, sem báru með líkum hætti fyrir dómi að þeir hafi heyrt á tal ákærða og A á ballinu, þeim báðum skilist að þau ætluðu að byrja saman á föstu og A samþykkt að fara heim með ákærða í bifreið hans að ballinu loknu í stað þess að fara beint á vistheimilið að [...]. Er ekkert fram komið í málinu, sem hnekkir þeim vitnisburði eða veikir svo nokkru nemi, en vitnisburður A um sömu atriði er í senn óljós og misvísandi, sér í lagi um aðdraganda þess að hún settist inn í bifreið ákærða. Af vætti hennar fyrir dómi má þannig ráða að hún hafi fyrst greint frá því að ákærði hafi boðið henni heim til sín í partí og hún samþykkt það, en síðan bar hún að umrætt partí hafi verið hjá „H“ og sagði ákærða hafa dregið hana nauðuga inn í bifreið sína. Þótt ekki megi leggja of mikið út af vægi nefndra samskipta ákærða og A verður í ljósi framanritaðs og með vísan til 45. gr. laga um meðferð opinberra mála að leggja til grundvallar að hún hafi samþykkt að fara með ákærða heim eftir ballið og sest sjálfviljug inn í bifreið hans. Er þannig ekkert fram komið í málinu, sem gefur haldbæra vísbindingu um að ákærði hafi á greindu tímabili beitt A ofbeldi eða notfært sér andlega fötlun hennar til að glepja fyrir henni, en hafa ber í huga að ákærði býr einnig við umtalsverða þroskahömlun.

Móðir og systir ákærða hafa borið á sama veg fyrir dómi um að þegar ákærði hafi komið heim með A hafi hann kynnt hana sem kærustu sína og þau farið saman upp í svefnherbergi hans. Mæðgurnar lýstu því og með sambærilegum hætti hvernig A kom þeim fyrir sjónir og hve lengi hún og ákærði voru saman inni í herberginu, án þess að nokkuð kæmi fram sem bendi til þess að ákærði hafi hagað sér ósæmilega gagnvart henni eða hún verið miður sín þegar hún yfirgaf heimilið. Þótt vissulega beri að meta frásögn mæðgnanna í ljósi tengsla þeirra við ákærða er það álit dómenda að vitnisburður þeirra sé trúverðugur, enda ekkert fram komið í vætti A eða öðrum gögnum málsins, sem gefur tilefni til að hafna honum. Ber því samkvæmt 45. gr. laganna um meðferð opinberra mála að leggja til grundvallar að A hafi farið sjálfviljug með ákærða inn í herbergi hans, svo sem ákærði hefur ávallt haldið fram og dvalið þar í allt að 5 mínútur eða jafnvel lengur.

Ákærði og A eru ein til frásagnar um atburði inni í svefnherberginu. Ákærði skýrði frá því fyrir dómi að þau hefðu byrjað að kyssast í rúmi hans, A verið því samþykkt, hún einnig fallist á að eiga við hann samfarir og í framhaldi klætt sig úr buxum og nærbuxum í rúminu. Í kjölfar þessa hefði hann afklæðst, lagst ofan á konuna og fellt til hennar sæði í leggöng, án þess að nota smokk. Við mat á áreiðanleika þessa framburðar ber að líta til þess að ákærði hefur frá upphafi lögreglurannsóknar einatt greint frá atburðarás á sama eða mjög svipaðan veg, fyrst í viðtali við lögreglu mennina Mörthu Sandholt Haraldsdóttur og Eirík Benedikt Ragnarsson, næst við yfirheyrslur hjá lögreglu, því næst í viðtölum við Áskel Örn Kárason sálfræðing og Tómas Zoëga geðlækni og loks hér fyrir dómi. Er það álit dómenda að sá framburður hans sé í heild trúverðugur og að ákærði, sem er greinilega þroskahamlaður, hafi skýrt frá samneyti sínu við A á fölskvalausan hátt.

Frásögn A af atburðum er óneitanlega efnisminni og óstöðugri, sem vafalítið má rekja til mikillar greindarskerðingar. Gögn málsins bera með sér að hún hafi sama kvöld sagt Krístrúnu Huld Gunnarsdóttur stuðningsfulltrúa, móður sinni og lög reglumönnunum Mörthu Sandholt og Eiríki Benedikt að ákærði hafi nauðgað henni, án þess að fram kæmi nánari lýsing á slíkri háttsemi. Í framhaldi virðist hún hafa greint Kristínu Andersen lækni á Neyðarmóttökunni frá því að ákærði hafi þvingað hana til samræðis í leggöng og endaparm, með ádreginn smokk á getnaðarlim sínum. Liggur fyrir í málinu skýrsla Kristínar þess efnis, sem hún staðfesti fyrir dómi, en þar kemur einnig fram að ákærði hafi haldið um handleggi A og hrist hana áður en hún lagðist upp í rúm. Af skýrslunni er ljóst að A bar enga áverka, að frátöldum roðabletti við leggangaop og eilitlu mari við endaparm, sem Kristín bar að gætu hæglega hafa komið við eðlilegar samfarir. Er annars ekkert um það í málinu, sem styður þá frásögn A að ákærði hafi sett eða reynt að setja lim sinn inn í endaparm hennar, en við skýrslugjöf hennar fyrir dómi var hún ekki spurð um þetta atriði. Þá liggur ekkert fyrir um það hvort marbletturinn hafi verið ferskur eður ei. Hitt er ljóst að A hafði nýlega haft samfarir, en fjöldi sæðisfruma fannst í leggöngum hennar. Sú staðreynd bendir fremur til þess að ákærði hafi ekki notað smokk, svo sem hann heldur fram og fær sá framburður aukna stoð í vætti Eiríks Benedikts, sem rannsakaði ætlaðan brotavettvang og bar að ekki hefði fundist notaður smokkur í herbergi ákærða. Þá skýtur vætti Kristínar og Eyrúnar Jónsdóttur hjúkrunarfræðings í tvö horn um tilfinningalegt ástand A við skoðun á Neyðarmót tókunni, en lýsing þeirra á ástandi hennar er með öllu ósamrýmanleg, svo sem fram kemur í III. kafla að framan. Verða því engar ályktanir dregnar af þeim vitnisburði, ákærða í óhag.

Fyrir dómi bar A að ákærði hefði klætt hana úr buxum og nærbuxum í rúminu og sagði í fyrstu að hún hefði ekki hreyft andmælum við því, en breytti þeirri frásögn þegar hún var spurð um sama atriði öðru sinni og bar þá að hún hefði sagt „nei“. Var ekki leitað skýringa á þessu ósamræmi. Í framhaldi hefði ákærði sett á sig smokk, lagst ofan á kvið hennar og haft samræði við hana í leggöng, án andmæla af hennar hálfu. Þegar A var spurð hvort ákærði hefði haldið henni, rétti hún fram báða handleggi, með kreppta hnefa og sagði „svona“. Í kjölfar þessa var hún spurð: „En hélt hann í hendurnar á þér?“, sem hún svaraði með „hendunum“ og var þá spurð: „Hann hélt í hendurnar á þér?“ og játti hún því.

Við mat á áreiðanleika vitnisburðar A, sem dómendur hafa grannskoðað á myndupptöku, er óhjákvæmilegt að líta til þess að hún virðist óráðin í því hvort hún

hafi látið uppi við ákærða að hún vildi ekki fækka fötum. Þá verður ekki annað ráðið af vætti hennar, en að hún hafi í það minnsta látið átölulaust að ákærði hefði við hana samfarir. Að þessu virtu og gegn eindreginni neitun ákærða hefur ákæru valdinu ekki tekist lögfull sönnun um hið gagnstæða. Þótt A hafi lýst því að ákærði hafi haldið um hendur hennar er í senn óljóst hvenær í atburðarás slíkt hafi gerst og hvernig ákærði hafi þá borið sig að, en lýsing A á ætluðu ofbeldi er ærið takmörkuð og fékkst eingöngu fram með lokaðri spurningu yfirheyranda. Ber ákærða að njóta þess vafa sem af þessu leiðir, sbr. 45. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Með hliðsjón af framansögðu, sér í lagi hinum óljósa vitnisburði A, því að réttar læknisfræðileg gögn málsins og vitnisburður Kristínar Andersen læknis á Neyðar móttökunni styðja ekki þá ályktun að A hafi verið þröngvað til samræðis og loks því að ákærði hefur staðfastlega neitað sök og gefið heildstæða og trúverðuga lýsingu á samneyti sínu við A, er ósannað að hann hafi beitt konuna ofbeldi eða annars konar ólögmatrí nauðung til að hafa við hana samræði í skilningi núverandi 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga. Getur vitnisburður Þórhildar Gardars dóttur yfirproskapjálfa á [...] og Ingvars Ingvarssonar læknis engu breytt um þá niðurstöðu. Ber því að sýkna ákærða af nefndri háttsemi, sbr. 45.-46. gr. laganna um meðferð opinberra mála. Þá telja dómendur óvarlegt að slá því föstu að ákærði hafi notfært sér andlega fötlun A í sama skyni og hann verið þess meðvitaður á verknaðarstundu, svo sem áskilið er í 2. mgr. 194. gr. hegningarlaganna, sbr. 18. gr. sömu laga, en fyrir liggur órækur vitnisburður tveggja sérfræðinga, Áskels Arnar Kárasonar sálfræðings og Tómasar Zoëga geðlæknis um að varhugavert sé að full yrða um hæfni ákærða til að skynja og meta réttilega mörkin milli samþykktra kyn lífsathafna og kynferðislegrar misnotkunar í samskiptum við hitt kynið, þar á meðal hver skilaboð hann fær frá viðkomandi rekkjunaut, séu þau ekki skýr og afdráttarlaus. Verður vitnisburður sérfræðinganna ekki skilinn öðru vísi en svo að sökum andlegs vanþroska ákærða sé þannig mögulegt að hann hafi misskilið orð eða önnur skilaboð A í svefnberginu. Þegar við þetta bætist að haldbær sönnun liggur ekki fyrir um að A hafi andmælt því að fækka fötum og eiga samfarir við ákærða er ótæk önnur niðurstaða en að sýkna hann einnig af ætluðu misneytingar broti, sbr. 45.-46. gr. laga um meðferð opinberra mála.

XIII.

Samkvæmt greindri niðurstöðu ber að vísa bótakröfu A frá dómi, sbr. 3. mgr. 172. gr. laga um meðferð opinberra mála. Jafnframt ber samkvæmt 1. mgr. 166. gr. laganna að fella allan sakarkostnað á ríkissjóð. Til hans telst útlagður kostnaður að fjárhæð 528.264 krónur, málsvarnarlaun Lúðvíks Emils Kaaber héraðsdóms lögmanns, verjanda ákærða við rannsókn og meðferð málsins, sem og þóknun Ásu Ólafsdóttur hæstaréttarlögmanns vegna réttargæslu í þágu A á sömu stigum málsins. Með hliðsjón af eðli og umfangi máls og að teknu tilliti til tímaskýrslu verjanda þykja laun hans hæfilega ákveðin 378.400 krónur og þóknun réttargæslu mannsins 199.200 krónur, sem að meðtöldum virðisaukaskatti gera 471.108 krónur í tilviki verjanda og 248.004 krónur í tilviki réttargæslumanns.

Kolbrún Sævarsdóttur saksóknari sótti málið af hálfu ákæruvaldsins.

DÓMSORÐ:

Ákærði, X, er sýkn sakar.

Bótakröfu A er vísað frá dómi.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin 471.108 króna málsvarnar laun Lúðvíks Emils Kaaber héraðsdómslögmanns og 248.004 króna réttargæsluþóknun Ásu Ólafsdóttur hæstaréttarlögmanns, hvoru tveggja að meðtöldum virðisaukaskatti.

Jónas Jóhannsson

Páll Þorsteinsson

Gunnar Hrafn Birgisson